

Mál nr. 192/2020**M og
V1 vegna ábyrgðartrygginga bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 2. maí 2020.****Gögn.**

Málskot mótttekið 28.05.2020 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 10.06.2020.

Bréf V2, dags. 03.06.2020.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 15.06.2020.

Málsatvik.

Hinn 2. maí 2020 varð árekstur milli A, sem M ók umrætt sinn, og B, á bifreiðastæði við Dalveg í Kópavogi. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar váttryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú að þar sem báðir ökumenn hefðu verið að aka aftur á bak í aðdraganda áreksturs skyldi sök skipt til helminga. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og segir í málskoti að hún telji sig eiga að vera í 100% rétti þar eð hún hafi verið kyrrstæð þó nokkru áður en B bakkaði á A. Framburður vitnis staðfesti jafnframt þá málavaxtalýsingu auk þess sem ökumenn A og B hafi báðir skrifað undir það á framhlið tjónstilkynningar að A hafi verið kyrrstæð við áreksturinn.

Í bréfi V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar segir að ljóst sé að ökumenn hafi báðir ekið aftur á bak úr stöðureitum, M hafi tekið eftir B fyrir aftan sig og því stöðvað bifreiðina og þannig gert allt sem í hannar valdi stóð til að koma í veg fyrir árekstur. A hafi því verið kyrrstæð þegar B ók á hana. Þar af leiðandi, og með hliðsjón af því sem fram komi í tjónstilkynningu, beri B því fulla ábyrgð á því að árekstur varð.

V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, segir í bréfi sínu til nefndarinnar að þó A hafi stöðvað á undan B hafi bifreiðarnar, samkvæmt framburði vitnis, verið mjög nálægt hvor annarri og því hafi verið um augnabliksstöðvun að ræða, A hafi snarstöðvað rétt áður en árekstur varð. Báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak í aðdraganda árekstrar og beri samkvæmt framansögðu að skipta ök til helminga.

Álit:

Á framhlið tjónstilkynningar sem ökumenn fylltu út á vettvangi er hakað við „ók úr kyrrstöðu frá gangstétt/vegarkanti/opnaði dyr“ og „ók aftur á bak“ vegna beggja bifreiða. Þá er ritað við hlið afstöðumyndar að A hafi verið „stopp þegar árekstur varð“. Nánari lýsing ökumanns A í tjónstilkynningu er á þann veg að árekstrarvörn í bifreið A hafi farið í gang og hún þá snarstoppað, og séð bifreið B fyrir aftan sig en sú bifreið hafi ekki stöðvað með þeim afleiðingum að árekstur varð. Þá liggur fyrir nefndinni svohljóðandi framburður vitnis: „Ég horfði á báða bílana bakka samtímis út stæðunum og tóku greinilega ekki eftir hvorum öðrum en ég sá að annar bíllinn stoppaði á undan hinum en þeir voru komnir mjög nálægt hvorum öðrum.“ Þá liggur fyrir nefndinni lýsing V2 á því að haft sé eftir ökumanni B að hún sé ekki sammála M um að A hafi verið kyrrstæð.

Í samræmi við það sem segir á framhlið tjónstilkynningar verður að miða við að báðir aðilar hafi ekið aftur á bak í aðdraganda árekstrar. Þá verður líka, samkvæmt frásögn M sjálfrar, að miða við að hún hafi ekki veitt B athygli fyrr en viðvörunarkerfi í bifreið hennar fór í gang. Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Verður að miða við að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Það hefur þá ekki, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, úrslitaáhrif þó A hafi stöðvað bifreið sína áður en til árekstrar kom, enda virðist af framburði vitnis sem það hafi einungis verið örskotsstund áður og að bifreiðarnar hafi þá þegar verið mjög nálægt hvor annarri. Samkvæmt framansögðu, og með hliðsjón af áður nefndum merkingum á framhlið tjónstilkynningar verður ekki séð að annar ökumanna

eigi að bera meiri sök en hinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, verður sök skipt þannig að hvor ökumanna beri helming sakar.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 15. júlí 2020.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.